

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi við Furuás 8.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Furuás 8 í Garðabæ. Breytingin felst í því að bílastæði og bílskúr eru færð að vesturmörkum byggingarreits lóðarinnar Furuáss nr. 8 og að þakkantur fer út fyrir byggingarreit til suðurs og norðurs. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Hraunás 7.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Hraunás 7 í Garðabæ. Breytingin felst í því að bílastæði og bílskúr eru færð að suðurmörkum byggingarreits lóðarinnar Hraunáss 7. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á deiliskipulagi við Bakkaföt 6.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Bakkaföt 6 í Garðabæ. Breytingin felst í því að viðauka er bætt við skipulagsskilmála varðandi leyfilega hæð þaks að Bakkaföt 6. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 30. apríl 2002.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.